

SKÝRSLA

UM

HÍÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRAÐIFÉLAG

FÉLAGSÁRIN 1944 — 1946

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.
1951

Hinn 16. júní 1947 undirrituðu þáverandi menntamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, og stjórn náttúrufræðifélagsins samninginn um afhendingu safnsins. Samningurinn er á þessa leið:

„Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið gjöra með sér svofelldan samning:

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhendir hér með menntamálaráðuneytinu f. h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim, að fjárhæð kr. 82.396,21 — áttatíu og tvö þúsund þrjú hundruð níutíu og sex 21/100 —, er félagið hefur myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hefur fylgt og fylgir. Félagið af-

110

hendir einnig allt það, er varðar fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins „Acta naturalia islandica“.

Í staðinn skuldbindur menntamálaráðuneytið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu, er verði skrifstofa félagsins og aðalbækistöð. Ennfremur skal félagið fá ókeypis hentugt og hæfilegt geymslurúm í nefndri safnbyggingu fyrir upplög tímaritsins Náttúrufræðingsins, Flóru Íslands, ársskýrslu félagsins og annarra rita, er félagið kann að gefa út og nánar semst um. Þá skal félagið og fá ókeypis afnot af kennslusal hinnar fyrirhuguðu náttúrugripasafnsbyggingar til fundahalda sinna, eftir nánara samkomulagi, þegar smíði hússins er lokið. Félagar í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi skulu fá ókeypis aðgang að náttúrugripasafninu.

Framangreind afhending miðist við 1. janúar 1947. Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki“.